



# Aðalfundur Hollvina Grensásdeildar

mánudaginn 9.maí 2012 kl. 17:30

---

Haldinn í Safnaðarheimili Grensáskirkju

## Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Samþykkt ársreikninga
4. Árgjald
5. Starfsáætlun komandi árs
6. Kosning stjórnar, varamanna og skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál

Aðalfundur samtakanna Hollvinir Grensásdeildar var, eins og undanfarin ár, haldinn í safnaðarheimili Grensáskirkju. Um 30 manns sóttu fundinn, þeirra á meðal ýmsir sem notið hafa þjónustu deildarinnar, starfsmenn velferðarráðuneytis, og nokkrir lykilstarfsmenn Grensásdeildar. Sérstakur gestur fundarins var Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra. Gunnar Finnsson formaður HG setti fundinn og bauð gesti velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

## 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður lagði til að Þórir Steingrímsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Þórir tók við fundarstjórn og lagði til að Guðrún Pétursdóttir tæki að sér fundarritun, sem einnig var samþykkt með lófataki.

## 2. Skýrsla stjórnar

Gunnar Finnsson formaður HG kynnti skýrslu stjórnar sem lá frammi á fundinum og er að finna í fylgiskjali með þessari fundargerð. Hér verður gerð grein fyrir helstu atriðum skýrslunnar:

- Eins og áður var lausn á húsnæðisvanda Grensásdeildar aðalverkefni HG á árinu. Á árinu hófst vinna við fyrsta áfanga þess verks, sem var að stórbæta aðkomu að Grensásdeild með því að stækka bílastæðið við aðalinngang deildarinnar og byggja yfir það að hluta. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að heildarkostnaður þessara framkvæmda yrði 60,5 m.kr. HG hugðust leggja fram 30,5 m.kr. úr sjóðum söfnunarátaxsins *Á rás fyrir Grensás*, og ríkissjóður ætlaði að leggja fram 30 m.kr., sem nam virðisaukaskatti vegna söfnunarátaxsins. Lægsta tilboð reyndist vera 7,5 m.kr. yfir áætluðu kostnaðarverði og lögðu HG fram 1,2 m.kr. til viðbótar og velferðaráðneyti á 6,3 m.kr. Þessum framkvæmdum er nú að ljúka.
- Velferðarráðherra boðaði stjórnarmenn HG og Eddu Heiðrínu Backman á fund sinn þann 6. apríl 2011 til að fara yfir mögulegar lausnir á húsnæðisvanda Grensásdeildar. HG hafði lagt fram minnisblað fyrir fundinn þar sem minnt var á að síðan Grensásdeild tók til starfa 1973 hefur einungis þjálfunarlaug verið bætt við deildina, þrátt fyrir að þjóðinni hefur fjölgað um meira en 40% á þessum tíma og þeim sem endurhæfingu þurfa hefur fjölgað hlutfallslega meira. Árangur endurhæfingar er háður því að henni sé beitt tímanlega. Þá var gerð grein fyrir þjóðhagslegri hagkvæmni starfs Grensásdeildar og rökstutt með opinberum tölum að þeir sjúklingar sem komast til fullra starfa eftir dvöl á Grensásdeild endurgreiða á fimm og hálfu ári með sköttum sínum allan rekstrarskostnað deildarinnar árið sem þeir dvöldu þar. Við það bætist að þeir þurfa ekki á bótageiðlsum að halda. Brýnt er að stjórnvöld hætti að horfa eingöngu á kostnað við nauðsynlegu framkvæmdir sem verður að gera á Grensásdeild, heldur meti jafnframt þjóðhagslega arðbærni þeirra.

Fyrir lá að hin ítarlega frumáætlun um endurbætur og stækkun á Grensásdeild sem LSH kynnti í júlí 2010 hafði verið kynnt skipulagsyfirvöldum Reykjavíkur. Ráðherra fagnaði því, þar sem það mundi flýta fyrir því að framkvæmdir gætu hafist, yrðu þær samþykktar. Ráðherra lýsti stuðningi við þessar áætlanir og ætlaði að grennslast

fyrir um afdrif óformlegra viðræðna á vegum heilbrigðisráðuneytisins við lífeyrissjóðina um aðkomu þeirra að málinu.

- HG veitti Grensásdeild 4 milljónir króna til að kaupa á tækjabúnaði samkvæmt óskum og forgangsröðun stjórnenda deildarinnar.
- *Fjáröflun og styrkir*

*Basar:* Helsta tekjulind samtakanna á árinu var basar, sem haldinn var í safnaðarheimili Grensáskirkju laugardaginn 19. nóvember 2011 og skilaði að frádregnum kostnaði 1,191 m.kr. Undirbúning önnuðust stjórnarkonur HG undir forystu Eddu Bergmann, og gáfu ýmsir velunnarar góða muni eða aðstoðuðu á annan hátt. Að framkvæmd basarsins komu fjölmargir, meðal þeirra stjórnarmenn og aðstandendur þeirra, starfsfólk Grensásdeildar og félagar í bifhjólasamtökunum Sniglunum. Þá studdi Grensáskirkja fjáröflunina með miklum afslætti á leigu.

*Reykjavíkumaraþon:* Fyrir Grensás hlupu 28 manns í Reykjavíkumaraþoninu í ágúst 2011 og söfnuðu 651 þús. kr. fyrir samtökin.

*Á rás fyrir Grensás – Vestfirski hringurinn:* Hávarður Tryggvason aflaði HG 450 þús. króna, með áheutum þegar hann hjólaði 700 km um Vestfirði dagana 20. - 29. júní 2011 undir slagorðinu **“Á rás fyrir Grensás – Vestfirski hringurinn”**.

*Mótorhjólamessan:* Um Hvítasunnuhelgina var haldin Mótorhjólamessa í Digraneskirkju þar sem séra Gunnar Sigurjónsson messaði. Grillhúsið safnaði af því tilefni 50 þús. kr. fyrir HG með því að láta hluta af andvirði seldra veitinga renna til samtakanna. Sniglarnir Vélhjólasamtök Lýðveldisins lögðu fram sömu fjárhæð og runnu þannig 100 þús. kr. til HG.

*Sniglarnir:* Sniglarnir veittu að auki HG um 250 þús. kr. í desember, en þeir hafa veitt HG ómetanlegan stuðning gegnum tíðina.

*Tónleikar:* Félagsstarfið í Gerðubergi styrkti HG með tvennum hætti á árinu. Annars vegar með styrktartónleikum í Fella- og Hólakirkju 22. nóvember þar sem fram komu margir listamenn, einsöngvarar og kórar, sem allir gáfu vinnu sína. Kirkjan lét aðstöðu í té án endurgjalds. Þá skipulagði Félagsstarfið í samvinnu við nemendur í íþróttافرæðum við Háskólann í Reykjavík *Breiðholtshlaup* til styrktar HG. Í heild söfnuðust þannig 100 þús. kr. fyrir HG.

*Minningarkort og önnur framlög:* Afar þýðingarmikil og bein tekjulind HG er sala minningarkorta en hún nam 208 þúsund krónum á árinu. Þar standa samtökin í mikilli þakklætisskuld við Önnu Laxdal Þóroldsdóttur, skrifstofustjóra á Grensásdeild, sem hefur tekið að sér að sjá um móttöku og afgreiðslu beiðna um kort.

Auk þeirra sem þegar hefur verið getið bárust samtökunum mörg önnur framlög í formi fjár, muna eða vinnu en oft vildu gefendur ekki láta nafns síns getið.

Eftir kynningu formanns opnaði fundarstjóri fyrir spurningar og athugasemdir.

Sigrún Knútsdóttur, yfirsjúkraþjálfari, kvað sér hljóðs til að þakka stjórn HG, Eddu Heiðrúnu Backman og öðrum velunnurum fyrir stuðning og hvatningu við Grensásdeild. Fundarmenn tóku undir þakkir Sigrúnar með lófataki.

### **3. Ársreikningar og samþykkt þeirra**

Gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningum bæði HG og átaksins Á rás fyrir Grensás, en reikningar lágu fyrir á staðnum og fylgja þeir fundargerð ársfundar.

Innistæður á reikningum Á rás fyrir Grensás eru helstu eignir samtakanna, sem í árslok 2011 námu 112,668 m. kr.. Þar af hefur 31,7 m.kr., verið ráðstafað til framkvæmda við bílastæðið við aðalinngang Grensásdeildar. Eru því 80,968 m.kr til ráðstöfunar, sem ávaxtaðar eru hjá nokkrum fjármálastofnunum til að draga úr áhættu.

Eignir HG sjálfra námu 5,687 m.kr. um sl. áramót en frá þeirri fjárhæð ber að draga 4 m.kr., sem samtökin hafa skuldbundið sig til að gefa Grensásdeild til tækjakaupa. Til ráðstöfunar eru því 1,687 m.kr.

Fundarstjóri bar reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

### **4. Árgjald**

Árgjald 2011 var 1500 krónur. Stjórn HG lagði til að það héldist óbreytt. sem var einróma samþykkt.

### **5. Starfsáætlun komandi árs**

Samkvæmt lögum HG skal aðalfundur samþykkja starfsáætlun stjórnar samtakanna. Formaður kynnti starfsáætlunina, sem er svohljóðandi :

Stjórnin leggur til að HG leggi megináherslu á stuðning við aðgerðir sem lúta að fjármögnun byggingarframkvæmda til að leysa alvarlegan húsnæðisvanda Grensásdeildar. Þá verði áhersla áfram lögð á að verja Grensásdeild við frekari niðurskurði og aðstoð veitt til kaupa á tækjum og búnaði, sem deildina vanhagar um. Unnið verði áfram að fjáröflun á vegum HG, einkum eflingu basarsins, og nýrra fjáröflunarleiða leitað. Sérstakt verkefni verði vinna að hugmyndum um hvernig fagna beri 40 ára afmælis Grensásdeildar í apríl á næsta ári, og hvernig best sé að hrinda þeim í framkvæmd.

Fundarmenn samþykktu starfsáætlunina samhljóða.

### **6. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna reikninga**

Fundarstjóri kynnti að borist hefði tillaga um skipan eftirtaldra aðila í stjórn HG: Edda Bergmann, Guðrún Pétursdóttir, Gunnar Finnsson, Ottó Schopka, og Þórunn Þórhallsdóttir í aðalstjórn, en Guðný Daníelsdóttir og Baldvin Jónsson í varastjórn. Ekki bárust aðrar tillögur og staðfesti aðalfundur kjör þessara einstaklinga einróma með lófataki.

Lagt var til að þeir Bergur Jónsson og Ellert Skúlason yrðu áfram skoðunarmenn reikninga. Aðrar tillögur bárust ekki og var kjör þeirra staðfest með lófataki.

Lagt var til að Edda Heiðrún Backman yrði áfram sérstakur ráðgjafi HG. Var það samþykkt með lófataki.

## **7. Ávarp Stefáns Yngvasonar yfirlæknis**

Stefán Yngvason yfirlæknir flutti ávarp þar sem hann þakkaði aðstoð HG á allan hátt og lýsti því hvað mikilvægt það er fyrir starfsmenn og skjólstæðinga deildarinnar að eiga slíka bakhjarla að.

En þrátt fyrir góðan stuðning *utan frá* er nú farið að gæta þreytu í hópi starfsmanna eftir þann mikla niðurskurð og álag sem deildin hefur þurft að þola á undanförunum árum. Starfsmönnum hefur fækkað mikið en sjúklingum fjölgað, og nú er svo komið í fyrsta sinn, að biðlistar hafa myndast eftir þjónustu deildarinnar – en þá liggja sjúklingar á öðrum og oftast dýrari deildum. Stefán lagði áherslu á að það er fjárhagslega hagkvæmt að geta hafið endurhæfingu sem allra fyrst og mjög skaðlegt ef menn þurfa að bíða eftir að komast í nauðsynlega endurhæfingu eftir slys eða önnur áföll.

Mjög brýnt er að stækka húsnæði Grensásdeildar, ekki síst með tilliti til einbýla fyrir sjúklinga, sem er mikilvægt öryggismál til að draga úr sýkingum.

Loks minnti Stefán á að Grensásdeild verður 40 ára á næsta ári, 2013. Mikilvægt er að geta hlakkað til einhvers á þeim tímamótum, - það er hvatning fyrir starfsmenn og skjólstæðinga.

## **8. Ávarp Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra**

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra tók til máls og lýsti mikilvægi þess að eiga hauk í horni og hvað hollvinasamtök hafa miklu hlutverki að gegna.

Hann ræddi einnig mikilvægi þess að gera nýbyggingu LSH að veruleika, og þótt Grensásdeild sé ekki hluti af þeirri framkvæmd sé ráðuneytinu ljóst mikilvægi Grensásdeildar. Hins vegar sé fjárhagsstaðan sú, að þótt aðeins þurfi einn milljarð til að gera nauðsynlegar endurbætur á Grensásdeild, séu þeir peningar ekki til.

Hann rakti fjárhagsörðugleika ríkisins og nauðsyn þess að bæta stöðu ríkisins. Þótt niðurskurður hafi orðið á mörgum sviðum í velferðar- og heilbrigðiskerfinu, hafa fjármunir í raun færst til en heildarútgjöld ekki minnkað í takti við niðurskurð til einstakra þátta. Það helgast fyrst og fremst af auknum lyfjakostnaði vegna nýrra og dýrra lyfja. Þar hefur kostnaður aukist um milljarð á ári – en það er til dæmis sú fjárhæð sem þyrfti til endurbóta á Grensásdeild.

Ráðherra sagði frá því að velferðarráðuneytið hyggt setja samtökum sem vinna að almannaheill ákveðinn ramma til að tryggja að þau fái sem besta vinnuaðstöðu og vinnufrið.

Ráðherra ræddi um samstarf við verkalýðshreyfinguna og samtök atvinnulífsins um að hrinda í framkvæmd áttakinu „Virk“ – sem lýtur að því að meta fyrst og fremst starfsgetu fólks í stað þess að meta skerta vinnugetu.

## **9. Fundarlok**

Fundurinn veitti nýkjörinni stjórn umboð til að ganga frá og samþykkja fundargerð fundarins.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið.

Guðrún Pétursdóttir ritaði fundargerð.